

Reglur um heimadag nemenda í 1. – 4. bekk

Nemendur í 1.-4. bekk sem eiga langt að fara frá heimili sínu til skóla og erfiða leið er gefinn kostur á að sækja skóla fjóra daga í viku. Ef foreldrar æskja slíks skulu þeir sækja um það skriflega til skólastjóra að hausti sem metur og afgreiðir umsóknir í samráði við umsjónarkennara. Ef ekki er sátt um afgreiðslu skólastjóra geta foreldrar vísað málinu til sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Foreldrar skuldbinda sig til að fara eftir skólanámskrá og vinna að þeim námsþáttum sem skilgreindir eru í áformum/námsáætlun nemenda í samráði við umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist með námsframvindu nemenda í samvinnu við foreldra. Ef námsmarkmiðum er ekki fylgt eða aðrar ríkar ástæður kalla á, getur skólastjóri rift samkomulagi um heimadag.

Nemendur skulu hafa vikulegan heimadag breytilegan eftir vikum svo nemendur missi ekki alltaf úr sömu kennslustundirnar. Heimadagar skráist sem „heimadagar“ í skráningarkerfi skólans og koma fram á vitnisburðarblaði. Aðrir dagar úr skóla skráist eftir atvikum, „veikindi“, „leyfi“ o.þ.h.

Heimadagar eru leyfðir, að gefnu samþykki, á tímabilinu 1. nóvember - 1. apríl.

Samþykkt á 243. fundi fræðsluráðs 25. janúar 2024.

Samþykkt á 378. fundi sveitarstjórnar 8. febrúar 2024.